


Ársskýrsla Skóla- og Velferðarþjónustu



Velferðarþjónusta almanaksárið 2017

Skólaþjónusta skólaárið 2017-2018

Skipurit skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.



Mynd 1. Skýring: Forstöðumaður er faglegur yfirmaður starfsmanna velferðarþjónustu en starfsmenn heyrja undir það sveitarfélag eða hóp sveitarfélaga þar sem þeir hafa starfsstöð. Forstöðumaður, starfsmenn skólaþjónustu og félagsráðgjafi í málefnum fatlaðs fólks eru starfsmenn allra sveitarfélaganna sem aðild eiga að samningum.

Nefnd Oddvita og sveitastjóra

Byggðasamlag um Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings var stofnað 24. júní 2015. Sveitarfélög sem eru aðilar að byggðasamlaginu eru: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerði, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus. Stjórn byggðasamlagsins (NOS) fer í umboði viðkomandi sveitarstjórna með yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar. Stjórnin skipa oddvita/sveitarstjórar aðildarsveitarfélaganna. Í stjórn NOS sitja eftirtaldir fulltrúar:

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður
Gunnar Þorgeirsson
Halldóra Hjörleifsdóttir
Gunnsteinn Ómarsson
Árni Eiríksson
Helgi Kjartansson
Björgvin Skafti Bjarnason

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd er skipuð sjö fulltrúum frá hverju sveitarfélagi og skipar stjórn byggðarsamlagsins (NOS) í nefndina. Nefndin fer með í umboði viðkomandi sveitarstjórna, stjórn og framkvæmd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna.

Nefndarmenn eru sem hér segir:

Bryndís Böðvarsdóttir formaður
Ásmundur Lárusson
Hörður Óli Guðmundsson
Eyrún Hafþórsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Bjarney Vignisdóttir

Á árinu 2017 voru 7 fundir haldnir í nefndinni.

Starfsfólk

Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu:

María Kristjánsdóttir

Skólaþjónusta:

Hrafnhildur Karlsdóttir, teymisstjóri og kennsluráðgjafi
Kolbrún Sigþórsdóttir, kennsluráðgjafi
Hugrún Vignisdóttir, sálfræðingur
Berglind Friðriksdóttir, sálfræðingur
Anna Stefanía Vignisdóttir, talmeinafræðingur Uppsveita og Flóa.
Álfhildur Þorsteinsdóttir, talmeinafræðingur Hveragerðisbæjar

Málefni fatlaðs fólks:

Arna Ír Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi

Velferðarþjónusta:

Hveragerðisbær: Halla Dröfn Jónsdóttir, félagsráðgjafi, Erna Guðmundsdóttir forstöðumaður heimaþjónustu og Steinunn Jónsdóttir forstöðumaður heimilisins Birkimörk.

Sveitarfélagið Ölfus: Tara Margrét Vilhjálmsdóttir félagsráðgjafi, Sigrún Theódórsdóttir forstöðumaður þjónustumiðstöðvar eldri borgara, Unnur Fríða Halldórsdóttir forstöðumaður heimilisins Selvogsbraut.

Laugarás (Uppsveitir Árneshöfna og Flói): Sigurjón Árnason félagsráðgjafi, Sigrún Símonardóttir forstöðumaður heimaþjónustu.

Velferðarþjónusta Árneshlíða

Velferðarþjónusta Árneshlíða starfar á grundvelli laga um félagslega þjónustu nr. 40/1991, barnaverndarlaga nr. 80/2002, laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Markmið velferðarþjónustu Árneshlíða

- Markmið með velferðarþjónustu er að veita upplýsingar og leiðbeiningar vegna annars vegar félagslegra réttindamála og hins vegar aðstoð vegna félagslegs eða persónulegs vanda. Í störfum sínum leggur starfsfólk velferðarþjónustunnar áherslu á fyrirbyggjandi úrræði og leiðir sem stuðla að hjálp til sjálfshjálp.
- Félagssleg ráðgjöf er veitt án fordóma og af virðingu fyrir einstaklingum. Áhersla er lögð á styrkleika notenda þjónustunnar með heildarsýn að leiðarljósi. Áhersla er á að virkja notendur til sjálfhjálp með fjölbreyttum virkniúrræðum sem henta þörfum sem flestra.
- Markmið með barnaverndarstarfi er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná þessum markmiðum með því að styðja fjölskyldur í uppeldislutverkinu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við.
- Lögð er áhersla á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaganna um málefni barna m.a. til að tryggja sem best að tilkynningarskylda skv. barnaverndarlögum sé virt.
- Félagssleg heimþjónusta skal vera einstaklingsmiðuð og veittur skal viðeigandi stuðningur til aldraðra svo þeir geti dvalið sem lengst á eigin heimili.
- Heimili fatlaðs fólks hafa hugmyndafræði um sjálfstætt líf að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði íbúanna, að styðja þá til þátttöku í eigin lífi og að efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

Félagssleg ráðgjöf

Félagssleg ráðgjöf er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum um málefni fatlaðs fólks og getur bæði verið í formi almennrar og sérhæfðrar ráðgjafar.

Markmið félagslegrar ráðgjafar er tvíþætt. Annars vegar að veita upplýsingar um félagsleg réttindamál og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda.

Ráðgjöf sem stendur til boða er:

- Félagssleg ráðgjöf s.s. vegna uppeldis- og samskiptavanda, skilnaðar, forsjár- og umgengismála
- Ráðgjöf vegna fjármála
- Ráðgjöf vegna húsnæðismála og/eða þjónustu í búsetu
- Ráðgjöf er tengist atvinnu og endurhæfingu
- Sérhæfð ráðgjöf / þjónusta vegna fatlaðra barna


Fjöldi mála í félagslegri ráðgjöf hafa ekki verið talin sérstaklega en oftast er veitt slík ráðgjöf um leið og notendur sækja um félagslega aðstoð.

Fjöldi íbúa í sveitarfélögum og aldurskipting íbúa

Í desember 2017 var fjöldi íbúa í sveitarfélögum sem hér segir:

	2016	2017
Hveragerði	2463	2483
Ölfus	1956	2005
Bláskógabyggð	979	1026
Flóahreppur	619	648
Grímsnes- og Grafningshreppur	465	467
Hrunamannahreppur	807	773
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	521	594
Samtals	7810	7996

Aldurskipting íbúa eftir sveitarfélögum:




Mynd 1. Aldurskipting íbúa eftir sveitarfélögum janúar 2017.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en samkvæmt þeim er hverjum og einum skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Í lögnum er einnig kveðið á um að sveitarfélag skuli veita íbúum sínum þjónustu og aðstoð sem er til þess fallin að bæta úr vanda eða koma í veg fyrir að fólk lendi í þeirri aðstöðu að geta ekki séð fyrir sér og sínum. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings hefur sett sér sérstakar reglur um fjárhagsaðstoð sem starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustu vinna eftir.


Ýmsar ástæður geta legið að baki því að fólk þurfi fjárhagsaðstoð, svo sem lág laun, atvinnuleysi eða veikindi. Fjárhagsaðstoð til einstaklings getur verið allt að kr. 144.635 á mánuði og kr. 231.415 á mánuði til hjóna eða fólks í sambúð. Aðstoðin er óháð barnafjölda, þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna. Vaxtabætur og húsaleigubætur mæta mismunandi kostnaði vegna húsnæðis. Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, sbr. IV. kafla í reglum um fjárhagsaðstoð. Ráðgjöf vegna fjármála er veitt þar sem þörf er fyrir hana og alltaf í tengslum við fjárhagslega aðstoð.

Fjöldi fjárhagsaðstoðarþega árinu 2017 voru alls 73, 28 karlar og 45 konur. Fjárhagsaðstoðarþegum hefur fækkað frá síðasta ári en þá voru 82 sem fengu aðstoð. Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar árið 2017 var kr. 22.436.594 en var árið 2016 kr. 28.771.564. Fjárhagsaðstoð lækkaði í öllum sveitarfélögum nema hjá Hveragerðisbæ þar er hækkun upp á 630.588.



Mynd 2. Fjöldi fjárhagsaðstoðarþega skipt eftir hjúskaparstöðu í Árneshingi.


Fjöldi fjárhagsaðstoðarþega skipt eftir starfsstöðvum:



Mynd 3. Laugarás.

Heildarfjöldi fjárhagsaðstoðarþega
Heildarfjárhæð fjárhagsaðstoðar 2016


10 einstaklingar
kr. 2.398.701



Mynd 4. Hveragerði.

Heildarfjöldi fjárhagsaðstoðarþega
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar árið 2017

41 einstaklingar
kr. 14.220.243




Mynd 5. Sveitarfélagið Ölfus.

Heildarfjöldi fjárhagsaðstoðarþega
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar árið 2015

22 einstaklingar
kr. 5.817.650

Fjárhagsaðstoð skipt eftir aldri og kyni:


Flestir sem fá fjárhagsaðstoð í Árnesþingi eru á aldrinum 25-39 ára og eru konur þar í meirihluta. Flestar af þeim konum eru einstæðar mæður. Næstflestir sem fá fjárhagsaðstoð eru í aldurshópnum 40-54 ára. Síðustu ár hafa einstaklingar sem voru í yngsta alurflokknum verið langflest á fjárhagsaðstoð en á þessu ári hefur fækkað talsvert og orðið viðsnúningur konur eru þar í meirihluta.



Mynd 6. Fjárhagsaðstoð eftir aldri og kyni.

Fjöldi mánaða á fjárhagsaðstoð skipt eftir starfsstöðvum:


Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er hugsuð sem neyðaraðstoð og er öryggisventill ef önnur kerfi grípa ekki einstaklinginn. Í grafinu hér fyrir neðan sést að langflestir fá fjárhagsaðstoð í stuttan tíma og má því segja að markmið fjárhagsaðstoðar sem neyðaraðstoð sé náð. Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð í 7 mánuði og lengur eiga oft við fjölþættan vanda að stríða, s.s. fíknivanda, þunglyndi og félagsfærni og getur tekið tíma að finna úrræði sem hentar þeim.



Mynd 7. Fjöldi mánaða á fjárhagsaðstoð eftir starfsstöðvum.

Tegund fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skiptist í almenna framfærslu og/ eða heimildargreiðslur. Undir heimildargreiðslur heyrir m.a. sérstakur stuðningur vegna barna, útfararstyrkur, styrkur til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Það hefur orðið töluverð fjölgun í heimildargreiðslum til fjölskyldna og þær helst að koma á mótis við fjölskyldur vegna stuðning við börn og einnig að aðstoða fólk til að tryggja sér húsnæði á almennum leigumarkaði.




Mynd 8. Tegund fjárhagsaðstoðar eftir starfsstöðvum.


Barnavernd

Félagsráðgjafar vinna að málefnum barna og ungmenna samkvæmt barnaverndarlögum og í umboði Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings.

Markmið barnaverndarlaga er að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Flest barnaverndarmál sem upp koma eru unnin í góðri samvinnu við foreldra og börn. Mikil áhersla er lögð á að finna sameiginlegar lausnir og leiðir og eru gerðar meðferðaráætlanir í öllum málum.



Mynd 9. Heildarfjöldi fjölskyldna og barna sem unnið var með á árinu.




Mynd 10. Heildarfjöldi tilkynninga árið 2014 – 2017


Tilkynningarástæður

Tilkynningarstæður skiptast í þrjá megin flokka: Vanræksla, ofbeldi og áhættu hegðun. Vanræksla gagnvart barni er skilgreind sem skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns. Vanræksla skiptist í fjóra flokka: Líkamleg vanræksla, Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, vanræksla varðandi nám og tilfinningarleg vanræksla. Ofbeldi gagnvart barni er skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns. Ofbeldi skiptist í þrjá flokka: Barn beitt tilfinningalegu ofbeldi, barn beitt líkamlegu ofbeldi og barn beitt kynferðislegu ofbeldi. Áhættu hegðun barns er skilgreind sem athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líklegt til að valda því eða öðrum skaða. Í áhættu felst að auknar líkur séu á óæskilegri þróun þegar um áhættu hegðun barna er að ræða. Oftast er um börn eldri en 13 ár að ræða í þessum hluta. Áhættu hegðun skiptist í fimm flokka: Grunur um neyslu barna á vímuefnum, grunur um að barn stefni eigin heilsu í hættu, grunur um afbrot barns, grunur um að barn beiti annan einstakling ofbeldi og grunur um erfiðleika barns í skóla, skólasókn áfátt.

Hér fyrir neðan má sjá ástæður tilkynninga og fjöldi barna sem tilkynnt var um.




Mynd 11. Fjöldi tilkynningarástæðna skipt eftir starfsstöðvum.



Mynd 12. Fjöldi barna sem tilkynnt var um.


Könnun mála

Mál telst barnaverndarmál þegar ákvörðun er tekin um að hefja könnun máls. Af þeim tilkynningum sem bárust árið 2017 var ákveðið að hefja könnun í máli 85 barna þar af voru mál 15 barna sem þegar voru í vinnslu könnuð á ný. Ekki var talin ástæða til að kanna aðstæður 12 barna.



Mynd 13. Barnaverndarmál eftir starfsstöðvum.

Þegar könnun máls er lokið þá er metið hvort ástæða sé til að veita stuðning skv. barnaverndarlögum. Í tölunum hér fyrir neðan eru ekki þau 15 börn sem könnuð voru á ný þar sem þau voru þegar með stuðningsúrræði skv. barnaverndarlögum. Ekki var þörf á að veita stuðning í málum 35 barna.




Mynd 14. Staða mála eftir könnun eftir starfsstöðvum.

Stuðningsúrræði

Stuðningur skv. barnaverndarlögum var veittur í málum 22 barns þar sem vinnsla málsins hófst á árinu. Jafnframt var veittur áframhaldandi stuðningur í málum 23 barna þar sem vinnsla máls hófst fyrir árið 2017.

Eftirfarandi stuðningsúrræðum var beitt á árinu 2017 (ath. fleiri en eitt úrræði getur átt við hvert barn):




Mynd 15. Stuðningsúrræði sem var beitt árið 2017.

Fósturmál

Á árinu 2017 voru 3 börn vistað skv. 84. gr. barnaverndarlaga sem er tímabundinn vistun hjá ættingjum eða öðrum. Tvö barnanna voru hjá ættingjum í allt að 4 mánuði og fóru svo til foreldra sinna aftur. Eitt barn var vistað tímabundið í 4 mánuði og fór síðan í framahaldi að því í tímabundið fóstur til eins árs. 3 börn til viðbótar þessu eina fóru í tímabundið fóstur á vegum nefndarinnar á árinu 2017 og eitt barn var í styrktu fóstri á árinu. 5 börn eru í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar.

Staða barnaverndarmála í árslok 2016

Mál 33 barna eru enn í vinnslu hjá barnavernd við árslok en málum 51 barna var lokað á árinu og þremur málum var vísað til annarrar barnaverndarnefndar.




Mynd 16. Staða mála við árslok eftir starfsstöðvum.

Félagsleg heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta er veitt skv. lögum um félagsþjónustu nr. 91/2001 og reglum skóla- og velferðarþjónustu samþykktar 2013. Heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, veikinda eða fötlunar. Félagsleg heimaþjónusta felur í sér eftirfarandi þjónustupætti: Aðstoð við heimilisþrif, aðstoð við persónulega umhirðu, félagslegan stuðning, innlit, stutt viðvera og heimsendingu matar/aðstoð við matargerð. Réttur fólk til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Þar sem meginmarkmið heimaþjónustu er hjálp til sjálfshjálpar er í sumum tilvikum um tímabundna þjónustu að ræða.

Í félagslegri heimaþjónustu starfa alls 24starfsmenn í samtals 13 stöðugildum. Sveitarfélögin veita þjónustu almennt á dagvinnutíma og eru flestir að fá aðstoð við þrif á heimili. Í Sveitarfélaginu Ölfusi og hjá Hveragerðisbæ er einnig veitt þjónusta um kvöld og helgar og er þá fyrst og fremst verið að veita aðstoð við persónulega umhirðu. Á árinu fengu var veitt félagsleg heimaþjónusta á 200 heimilum og var heildarfjöldi þjónustutíma 15.345 klst. Heildarkostnaður vegna félagslegrar heimaþjónustu á árinu var kr. 93.346.268.



Mynd 17. Fjöldi heimila sem fá heimaþjónustu skipt eftir sveitarfélögum.

Dagdvöl aldraðra

Dagdvöl hefur það að markmiði að auðvelda öldruðum að búa sem lengst á eigin heimili og er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjón til að geta búið lengur heima. Í dagdvöl er boðið upp á mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.


Sveitarfélagið Ölfus rekur dagdvöl fyrir 8 einstaklinga í Þjónustuhúsi eldri borgara að Egilsbraut 9 í Þorlákshöfn.

Í Hveragerði rekur dvalar- og hjúkrunarheimilið Ás dagdvöl fyrir 5 einstaklinga sem nefnist Bæjarás. Reksturinn er í samstarfi við Hveragerðisbæ en Ás sér um daglegan rekstur og Hveragerðisbær sér um ferðþjónustu til og frá dagdvöl.

Málefni fatlaðs fólks

Þjónusta

Fatlað fólk nýtur allrar almennrar þjónustu sem sveitarfélög veita. Auk þess er í boði ýmis sértæk þjónusta í samræmi við lög um málefni fatlaðs fólks sem miðar að því að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Sérhæfð stoðþjónusta er ætluð þeim sem eru með fötlunargreiningu skv. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.



Mynd 18. Fjöldi fatlaðs fólks sem njóta þjónustu skipt eftir starfsstöðvum.

Félagsleg liðveisla

Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem hefur að markmiði að rjúfa félagslega einangrun og auka félagslega færni. Að jafnaði eru einstaklingum veittir 10 tímar í liðveislu á mánuði en hámarkstímafjöldi er 20 tímar á mánuði samkvæmt reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna. Á árinu fengu 77 einstaklingar liðveislu. Heildarfjöldi liðveislutíma var 8.598. Meðalfjöldi liðveislutíma á mánuði var um 10 tímar á hvern einstakling. Af þeim sem nýttu sér liðveislu voru 70 einstaklingar 18 ára og eldri og 7 yngri en 17 ára.

Ferðapjónusta fatlaðs fólks

Markmið ferðarþjónustu er að gera þeim, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki, kleift að stunda nám, vinnu, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tómsunda. Haft er að leiðarljósi að aðstoða fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og sjálfstæðs lífs eins og kostur er hverju sinni. Á árinu fengu 71 fatlaðir einstaklingar ferðapjónustu. Farþegar voru flestir 18 ára og eldri, eða 61 talsins, en 10 börn nýttu ferðapjónustu á árinu.

Búseta og hæfing.

Í Árneshöfnum reka sveitarfélögin tvö heimili ætluðu fötluðu fólki sem þurfa á sólarhringsþjónustu að halda.

Heimilið að Birkimörk er staðsett í Hveragerði og búa þar 5 einstaklingar. Starfsmenn heimilisins hafa það að leiðarljósi að veita íbúunum þjónustu af virðingu og mannlegri reisn. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði íbúanna, að styðja þá í þátttöku í eigin lífi og að efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

Heimilið að Selvogsbraut er staðsett í sveitarfélaginu Ölfusi og búa þar 6 einstaklingar. Markmið heimilisins er að skapa íbúum öruggt heimili. Íbúar njóta aðstoðar á þeim sviðum er hindranir mæta þeim og leitast er við að örva styrkleika þeirra. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði og félagsleg samskipti íbúanna og að auka lífsgæði þeirra í samræmi við óskir þerra og þarfir.

Í Árneshöfnum eru jafnframt starfandi sjálfstæðir rekstaraðilar sem reka heimili fyrir fatlað fólk. Þeirra stærst eru Sólheimar með allt að 43 fatlaða einstaklinga í búsetu. Þá kemur Skaftholt með 8 einstaklinga í búsetu og að lokum Breiðabólstaður með 4 einstaklinga. Á Sólheimum og Skaftholti er veitt altæk þjónusta þ.e. búseta, atvinna/hæfing og tómsundir. Þeir sem búa á Breiðabólstað í Ölfusi fara í hæfingu á Viss í Þorlákshöfn sem er vinnu- og hæfingarstöð fyrir þá sem eru með skerta starfsgetu.

Viss vinnu- og hæfingarstöð í Þorlákshöfn er rekið sem útibú frá VISS á Selfossi. Viss í Þorlákshöfn býður upp á hæfingu og vinnu fyrir 11 einstaklinga sem eru með skerta starfsgetu. Flestir sem fá þjónustu frá Viss eru með búsetu á Selvogsbraut og að Breiðabólstað.

Forvarnir og fræðsla

Félagsráðgjafar sem vinna að barnavernd héldu nokkrar kynningar fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla þar sem farið var yfir tilkynningarskyldu og hlutverk barnaverndar.

Félagsráðgjafar vinna í samstarfi við lögreglu þegar kemur að heimilisofbeldismálum. Samstarfið felst í því að bakvakt barnaverndar fer með lögreglu í útköll á heimili þar sem tilkynnt er um heimilisofbeldi. Hlutverk starfsmanns er að tryggja öryggi barna sem eru á heimilinu og jafnframt að vera stuðningur við þolendur.

Skólalþjónusta Árneshings

Skólalþjónusta Árneshings starfar á grundvelli reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu. Skólaárið 2017-2018 voru 1.348 nemendur í leik- og grunnskólum á svæðinu.

Leikskólar

Álfaborg
Bergheimar
Krakkaborg
Leikholt
Óskaland
Undraland Flúðum
Undraland Hveragerði

Grunnskólar

Bláskógaskóli – Reykholti
Flóaskóli
Flúðaskóli
Grunnskólinn í Hveragerði
Grunnskólinn í Þorlákshöfn
Þjórsárskóli

Leik- og grunnskólar

Bláskógaskóli – Laugarvatni
Kerhólsskóli

Markmið Skólalþjónustu Árneshings

- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks.
- Styðja við og efla samvinnu leik- grunn- og framhaldsskóla í Árneshingi og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna. Stuðla að bættri líðan nemenda og efla þá í námi og starfi með hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar.
- Stuðla að framþróun í skólastarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.


Teymisstjóri hefur umsjón með skipulagningu skólalþjónustunnar og stýrir vinnu hennar í samráði við yfirmann.

Verkefni sálfræðinga


Sálfræðingar Skólalþjónustu Árneshings eru tveir og sinna þeir þjónustu í öllum leik- og grunnskólum á svæðinu. Þeir hafa ekki fasta viðveru í skólunum en staðsetning þeirra fer eftir eðli mála hverju sinni. Helstu verkefni sálfræðinga eru sálfræðilegar skimanir og athuganir, ráðgjöf til kennara og foreldra vegna m.a. hegðunar- og tilfinningavanda, viðtöl við nemendur, eftirfylgd sem og þverfaglegt samstarf bæði innan Skólalþjónustunnar og við aðrar stofnanir um málefni barna í leik- og grunnskólum. Auk þess sinna sálfræðingar forvörnum og fræðslu til foreldra, starfsfólks og nemenda í formi fræðslufunda, námskeiða og viðtala.

Hlutfall milli drengja og stúlkna í loknum greiningarmálum sálfræðinga í grunnskólum er nokkuð jafnt. Þrátt fyrir að málin komi inn sem beiðni um greiningar er ekki þar með sagt að öll þau börn hafi uppfyllt viðmið fyrir formlegar klínískar greiningar. Í leikskólunum eru fleiri drengir en stúlkur þar sem óskað var greiningar. Áhersla skólaþjónustunnar á snemmtæka íhlutun hefur skilað sér vel í leikskólunum þar sem gripið er fyrr inn í málin með öðrum hætti en einungis greiningarvinnu. Í grunnskólunum hefur snemmtæk íhlutun einnig skilað góðum árangri til dæmis í formi viðtala við nemendur, foreldra og kennara, ráðgjafar og fræðslu.

Tilvísunarástæður eru oft fleiri en ein í hverju máli og niðurstaðan ekki alltaf sú sama og tilvísunarástæða segir til um. Einnig getur fleiri en einn sérfræðingur frá skólaþjónustunni komið að hverju máli. Þverfaglegt samstarf innan skólaþjónustunnar er mikið sem eykur gæði þjónustu og ráðgjafar.




Mynd 19. Hlutfall lokinna tilvísana í grunnskólum eftir kyni



Mynd 20. Hlutfall lokinna tilvísana í leikskólum eftir kyni

Verkefni talmeinafræðinga

Talmeinafræðingar skólaþjónustu eru tveir, annar starfar fyrir Uppsveitir og Flóa og hinn fyrir Hveragerðisbæ. Helstu verkefni talmeinafræðinga felast í málþroskaathugunum, framburðarathugunum o.fl. Þá veita talmeinafræðingar ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla um málefni er varða tal og málmeiri barna. Talmeinafræðingar kenna á námskeiðum og fræðslufundum Skóla- og velferðarþjónustu og sinna teymisvinnu í leik- og grunnskólum.



Mynd 21. Helstu verkefni talmeinafræðinga skólaárið 2017-2018


Kennsluráðgjöf

Verkefni kennsluráðgjafa felast meðal annars í því að stuðla að samstarfi leik- og grunnskóla á svæðinu og samstarfi einstakra hópa í skólunum t.d. faggreinakennara. Þeir hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að sameiginlegum markmiðum skóla og skólaþjónustu.

Kennsluráðgjafar veita ráðgjöf í leik- og grunnskólum vegna náms- og þroskastöðu, námsframvindu, félagsfærni og hegðunar. Þeir veita viðtöl, ráðgjöf og handleiðslu um verklag við snemmtæka íhlutun, þ.e. að bregðast fljótt við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda hjá börnum. Þá veita þeir ráðgjöf varðandi námsefni og viðeigandi kennslumhverfi, oft í samvinnu við aðra sérfræðinga Skóla- og velferðarþjónustu.

Kennsluráðgjafar taka þátt í þverfaglegri aðkomu Skóla- og velferðarþjónustu að málefnum einstaklinga, s.s. í teymum um málefni einstaklinga og skilafundum utanaðkomandi stofnana. Alls sátu kennsluráðgjafar í 68 teymum skólaárið 2017-2018. Þá aðstoða þeir við gerð einstaklingsnámskráa barna og nemenda með sérþarfir eftir óskum þar um og koma að úrlausn bráðamála, eftir aðstæðum og í samvinnu við þá sem málið varðar.

Kennsluráðgjafar liðsinna skólum við áætlanagerð um starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla og standa fyrir öflugum tilboðum skólaþjónustu varðandi símenntun fyrir allar starfsstéttir skólanna. Einnig er samvinna og ráðgjöf til sveitarstjórna hluti starfs þeirra.



Mynd 22. Helstu verkefni kennsluráðgjafa skólaárið 2017 -2018

Markmið skóla- og skólaþjónustu 2014-2017

Vorið 2014 settu skólar og skólaþjónusta í Árneshöfði sér markmið í skólamáli fram til ársins 2017. Markmiðin voru unnin í samvinnu við sveitarstjórnarfolk á svæðinu auk þess sem starfshópur skólastjórnenda og starfsmanna skólaþjónustu vann að útfærslu markmiðanna fjögurra en þau eru; Jákvæð sjálfsmynd, vellíðan og heilbrigði, samfella milli skólastiga, lestur og einstaklingsmiðað nám og nýting tölvutækni. Vinnu vegna markmiðanna lauk haustið 2017.

Lokaskýrsla var kynnt fyrir Skólaþjónustu- og velferðarnefnd, nefnd oddvita og sveitarstjóra og fyrir leik- og grunnskólastjórum í upphafi skólaárs 2017. Skýrsluna má finna á heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustu. www.arnesthing.is

Námskrárverkefni

Vinna við námskrárverkefni í grunnskólum hélt áfram á skólaárinu 2017-2018, aðallega í formi samráðsfunda kennara í hverri námsgrein fyrir sig. Alls voru haldnir ný fundir vítt og breytt á

svæði Skólaþjónustunnar. Þar gátu kennarar borið saman bækur sínar, rætt verkefni sín og nemenda sinna, námsmat og aukið samvinnu sín á milli.

Í heild má segja að verkefnið sem hófst í byrjun árs 2015 hafi gengið vel og mikil ánægja er meðal kennara sem tóku þátt í verkefninu. Afraksturinn er sá að nú eru viðmið allra faggreina orðin metanleg inni á Mentor og þar geta kennarar skólanna nálgast þau og nýtt sér í sinni vinnu varðandi undirbúning og mat.


Endurskoðun á vinnuferli tilvísanamála

Skólaþjónusta Árneshvíls starfar sem fyrr segir skv. reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Þar er nokkuð skýrt tilgreint á hvaða hátt skólaþjónusta ber að rækja hlutverk sitt. Hluti af starfi sérfræðiþjónustu er að mæta óskum um sálfræðilegar- og málfarslegar athuganir á nemendum. Tilvísanir um slíkar athuganir geta komið frá foreldrum, skólastjórum, kennurum eða skólaheilsugæslu í samráði við og með samþykki foreldra. Allar greiningar á nemendum og námsaðstæðum þeirra skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og skulu þeir upplýstir um niðurstöðuna.


Haustið 2017 hófst vinna sérfræðinga skólaþjónustu við að endurskoða ferli tilvísanamála til þjónustunnar. Slík ferli voru skoðuð hjá nokkrum öðrum skólaþjónustum og var ákveðið að horfa til svokallaðs Breiðholtsmódelis til viðmiðunar, en þar hefur verið unnið markvisst að því að fækka tilvísunum og reyna að grípa inn í mál á fyrri stigum. Horft var til þess hvernig við höfum unnið til þessa og hvað má bæta. Tilgangurinn er að koma fyrr að málum, í anda snemmtækrar íhlutunar og reyna um leið að koma þannig í veg fyrir að senda þurfi tilvísun til frekari greiningar. Nýtt ferli mála var útbúið og aðlagð að þeim björgum sem þjónustan og nærumhverfi okkar hefur úr að spila. Um leið og ferli tilvísana var breytt lítillega var það sett fram á skýrari hátt en áður.

Þjónustan er eins og áður stigskipt, getur verið allt frá vægu inngrípi með einu til tveimur viðtölum/ráðgjöf - til verulegrar íhlutunar/inngríps, þar sem farið er í djúpa og tímafreka greiningu eða þverfaglega ráðgjöf vegna vanda barns.

Hér á eftir eru myndir sem sýna á skýran hátt hvert ferli máls getur verið eftir að tilvísun berst til Skólaþjónustu Árneshvíls.




Ferli tilvísanamála Skólaþjónustu Árneshvíls, athugið að þetta ferli á ekki við ef um bráðamál er að ræða.



Vinnsla tilvísanamála sálfræðinga

Til upplýsingar um vinnslu máls sálfræðinga; ADHD metur athyglisbrest og ofvirkni, SDQ metur hegðun og líðan, ASSQ er einhverfuskimun.



Vinnsla tilvísanamála talmeinafræðinga

Til upplýsingar um vinnslu máls talmeinafræðinga; TOLD-I og TOLD-2P eru málþroskapróf, MUB málþroskapróf fyrir yngri börn, CELF er málþroskapróf fyrir yngri börn, máhljóðapróf skoðar framburð á máhljóðum, Orðalykill er orðaforðapróf, málsýni skoðar tjáningu.



Vinnsla viðtalsbeiðna

Ofangreint verkefni hófst við upphaf skólaársins 2017. Mikil ánægja er hjá sérfræðingum skólaþjónustu með það vinnulag. Farið er vandlega yfir allar tilvísanir og gátlista og reynt að bregðast strax við í formi viðtala við foreldra, nemanda eða kennara, ráðgjafar eða athugunar á kennsumhverfi og ráðgjöf.

Skólaþjónusta leggur áherslu á þverfaglega vinnuslu mála og leggur sig ávallt fram um að veita öflugra ráðgjöf sálfræðinga, talmeinafræðinga og kennsluráðgjafa. Þannig má koma til móts við vanda nemanda í anda snemmtækrar íhlutunar og hjálpa nemendum og kennurum að takast á við þau verkefni sem þeir þurfa að mæta hverju sinni. Tilgangurinn með breyttum verkferlum sem hér hefur verið fjallað um ættu að tryggja að sérfræðiþjónusta geti komið fyrir að málum en áður hefur verið, óski foreldrar og/eða kennari eftir því. Verkefni um nýtt tilvísanaferli er tilraunaverkefni til þriggja ára og verður metið reglulega.

Breytingar á tilvísanaferli voru kynntar á fyrstu fundum leikskólastjóra og grunnskólastjóra haustið 2017. Til þess að geta enn betur mætt nemendum sem glíma við vanda tengdum hegðun, þroska eða líðan má benda á að nokkrir skólar á svæði skólaþjónustu gætu enn frekar skerpt á verkferlum innan skólans varðandi viðbrögð og úrræði vegna nemenda sem víkja frá í þroska/hegðun.

Viðvera sálfræðinga í leikskólum – tilraunaverkefni haustönn 2017

Ákveðið var að sálfræðingar skólaþjónustu myndu vinna tilraunaverkefni sem fólst í því að heimsækja alla leikskóla á svæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna og bjóða starfsfólki samtali til að styrkja það í starfi. Tilgangur verkefnisins var að skólastjórnendur í leikskólum, leikskólakennarar og starfsfólk leikskóla fengju tækifæri til að ræða við sálfræðinga skólaþjónustu varðandi atriði sem mögulega brenna á þeim, t.d. varðandi áhyggjur af þroska barna, framförum, hegðun, kvíða o.fl. Tekið var fram að viðtölin væru ekki ætluð til að ræða persónuleg málefni starfsfólks. Þetta verkefni var liður í því að vinna í anda snemmtækrar íhlutunar, kennarar geti gripið fljótt inn í með markvissri íhlutun og fengið ráðgjöf sálfræðings varðandi ákveðin atriði ef þess er þörf. Að viðtölum loknum var kallað eftir álitum leikskólastjóra á afrakstri verkefnisins. Leikskólastjórar voru almennt ánægðir með framtakið, mörgum þótti þetta hafa hjálpað kennurum og starfsfólki að fá ráð og styrk til að mæta verkefnum. Sálfræðingar skólaþjónustu sögðu hafa verið ánægjulegt að hitta það starfsfólk sem komu í viðtölin en að of víða hafi gætt misskilnings um tilgang verkefnisins, í einhverjum leikskólum fengu aðeins deildarstjórar að hitta sálfræðinginn og of oft hafði dagurinn ekki verið skipulagður af hálfu stjórnanda leikskólans þannig að tíminn nýttist illa. Einn leikskólinn hafði gleymt heimsóknardeginum þannig að ekkert varð úr samtölum. Ekki verður framhald á þessu verkefni í bráð, en ávallt er hægt að óska eftir samtali við sálfræðing eða kennsluráðgjafa varðandi áhyggjur af þroska, hegðun, líðan o.fl. vegna barns.

ART er SMART í Árneshvíti

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíts og ART teymið á Suðurlandi tóku höndum saman í verkefninu „ART er SMART í Árneshvíti“, en það fólst í að efla og kynna ART þjálfun í grunnskólum í Árneshvíti.

Ástæður þess að boðið var upp á þetta verkefni eru m.a. að; Sérfræðingar Skóla- og velferðarþjónustu hafa á síðustu misserum orðið sífellt meira varir við hegðunarerfiðleika nemenda og agastjórnun er því orðinn stór hluti starfs grunnskólakennara. Það samræmist rannsókn sem Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns gerðu árið 2006 þar sem skoðað var hvað hefur mest áhrif á líðan kennara í starfi.

Könnun sem Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara gerðu meðal íslenskra grunnskólakennara árið 2012 þar sem þrír af hverjum fjórum kennurum sögðu að álag í starfi hefði aukist mikið vegna vaxandi hegðunarerfiðleika nemenda og flestum fannst „erfiðir nemendur“ og agavandamál það erfiðasta við kennarastarfið.

Erfið hegðun og líðan nemenda eru nefnd í 64% tilvika í tilvísunum til sálfræðinga og kennsluráðgjafa haustið 2017 hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíts.

Um allan heim hafa gagnreyndar rannsóknir sýnt fram á að ART þjálfun barna dregur úr hegðunavanda, eflir sjálfsmynd og bætir líðan. Í ljósi þess að í öllum grunnskólum í Árneshvíti eru nú þegar ART þjálfarar að störfum þá er farið í þetta verkefni nú. Í verkefninu gátu skólar óskað eftir tvenns konar kynningum, annars vegar tveggja klukkustunda upprifjun fyrir starfsfólk sem er nú þegar ART þjálfarar eða hefur setið þriggja daga ART námskeið á vegum ART teymisins á Suðurlandi. Þar var stutt upprifjun á ART hugmyndafræðinni, farið í helstu atriði félagfærni, sjálfsstjórn og siðferði. Sýnikennsla frá ART ráðgjöfum og síðan er þátttakendum gefið tækifæri til að spyrja um efnið og fá svör við hinum ýmsu atriðum sem ART þjálfararnir eru að velta fyrir sér. Einnig var hægt að fá tveggja klukkustunda kynningu fyrir starfsfólk sem vissi lítið um ART og hefur ekki farið á námskeið. Þar var farið yfir ART hugmyndafræðina, hvers vegna þetta hegðunarmótel varð til, fyrir hverja er það og hver er ágóðinn af því að þjálfra börn í ART. Farið verður í helstu atriðið félagfærni, sjálfstjórn og siðferði. Sýnt dæmi um hefðbundinn ART tíma út frá þessum þremur þáttum og opnað svo á umræður og spurningar í lok kynningar. Aðeins einn skóli óskaði eftir að taka þátt í þessu verkefni sem voru vissulega vonbrygði fyrir skipuleggjendur. Kynningarnar í þeim skóla gengu vel og var mikil ánægja allar sem sóttu kynningarnar.

Grunnur, félag fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum

Skólaþjónusta Árneshvíts er aðili í Grunni, Félagi fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum. Haldnir eru fundir að hausti og vori þar sem starfsfólk sérfræðiþjónusta hittist auk fulltrúa Menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar er farið yfir ýmis málefni er varðar skólamál auk þess sem fulltrúum gefst tækifæri til að hitta kollega og bera saman bækur. Forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu er í stjórn Grunns. Vorfundur Grunns var haldinn í Reykjanesbæ 2.– 4. maí sl. Fundinn sóttu forstöðumaður, teymisstjóri og kennsluráðgjafi. Áherslur fundarins tengdust m.a. starfsþróun og samstarfi kennara við

lærdómssamfélagið, menntun fyrir alla, samstarf háskóla og sveitarfélaga og tækifæri sem felast í teymiskennslu.

Stóra upplestarkeppnin

Að vanda hélt Skólaþjónustan utan um skipulag Stóru upplestrarkeppninnar fyrir nemendur í 7. bekkjum í grunnskólunum í Árnesþingi. Lokahátíðir voru haldnar á tveimur svæðum, annars vegar fyrir skólana í uppsveitum og Flóa en í því tilfalli sá Skólaþjónusta Árnesþings eingöngu um skipulagið og hins vegar fyrir skólana í Árborg, Hveragerði og Þorlákshöfn þar sem Skólaþjónusta í Árnesþings og Skólaþjónusta Árborgar unnu saman að skipulagningu.

Fyrri keppnin var haldin í Kerhólsskóla 6. mars 2018 og seinni keppnin var haldin 13. mars 2018 í Ráðhúsi Ölfuss en Grunnskólinn í Þorlákshöfn hélt lokahátíðina þetta árið. Lesararnir stóðu sig allir með þryði.

Nýtt húsnæði

Í október 2017 flutti Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings í framtíðar húsnæði að Fljótsmörk 2 í Hveragerði, eftir að hafa verið í bráðabirgðarhúsnæði. Gerðar voru gagngerar endurbætur á Fljótsmörkinni sem áður hósti frístundastarf Grunnskólans í Hveragerði. Það er skemmst að segja frá því að vel fer um starfsfólk í nýju húsnæði og gott að þurfa ekki að flytja neitt á næstunni. Skólastjórum, sveitarstjórnarmönnum og öðrum velunnurum Skóla- og velferðarþjónustu var boðið í opið hús og formlega opnun föstudaginn 17. nóvember kl. 15:00-17:00.

Námskeið og fræðslufundir

Ein af megin stoðum í starfi skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings er að hafa fjölbreytt og metnaðarfull námskeið og fræðslufundi í boði fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum á starfssvæði þjónustunnar. Skólastjórar og kennarar hafa mikið um það að segja hvaða námskeið eru haldin. Það eru ýmist sérfræðingar skólaþjónustu eða utanað komandi sérfræðingar sem kenna á námskeiðunum. Þá er lögð áhersla á samráðsfundi kennara á svæðinu þar sem þeir kynna verkefni og vinnubrögð og deila þekkingu sín á milli. Skólar á svæðinu geta líka óskað eftir erindum sérfræðinga skólaþjónustu á fundum eða starfsdögum.

Skólaþjónustan sækir árlega um styrk til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til endurmenntunar félagsmanna í Félagi grunnskólakennara og Skólastjórafélagi Íslands. Styrkurinn sem skólaþjónustan fær gerir okkur kleift að fá fyrirlesara og kennara sem eru fremstir á sínu sviði og geta ávallt kynnt það nýjasta sem er á döfni hverju sinni.

Eftirtalin námskeið og fræðslufundir voru haldnir á síðasta skólaári

Námskeið/fræðslufundur	Kennari	Staður	Tími
Kveikjum á perunni, verum skapandi. Vinnustofa ætluð kennurum sem kenna íslensku á grunnskólastigi.	Sigríður Wöhler og Elín Lilja Jónasdóttir ritstjórar hjá Menntamálastofnun og Davíð Stefánsson rithöfundur og námsgagnahöfundur.	Flóaskóli	11. ágúst kl. 9:00-12:00
Hugmyndir að verkefnum í myndmennt, hönnun, smíði og textílmennt.	Guðrún Gísladóttir, M.ed. í Náms- og kennslufræði (list- og verkmenntun) og kennari í Vogaskóla.	Grunnskólinn í Hveragerði	14. ágúst kl. 9:00-16:00
Fræðslufundur - Lesferill, námsefni og verkefni	Andrea Anna Guðjónsdóttir og Hulda Karen Daníelsdóttir sérfræðingar hjá Menntamálastofnun	Kerhólsskóli	13. september kl.13:30 -15:30
Samráðsfundur deildarstjóra í leikskólum	Kolbrún Sigþórsdóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir kennsluráðgjafar	Versalir Þorlákshöfn	19. september kl. 13:30-15:30
Námskeið fyrir nýtt starfsfólk í leikskólum	Kolbrún Sigþórsdóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir kennsluráðgjafar og Álfhildur Þorsteinsdóttir talmeinafræðingur	Pingborg	27. september kl. 13:30-15:30
Samráðsfundur kennara í íslensku	Umsjón Kolbrún Sigþórsdóttir kennsluráðgjafi	Flúðaskóli	2. október kl. 13:30-15:30
Samráðsfundur kennara í hönnun og smíði	Umsjón Kolbrún Sigþórsdóttir kennsluráðgjafi	Grunnskólinn í Hveragerði	18. október kl. 13:30-15:30
Kvíði leikskólabarna, ætlað leikskólakennarum og starfsfólki leikskóla	Berglind Friðriksdóttir og Hugufrún Vignisdóttir sálfræðingar	Pingborg	24. október kl. 13:30-15:30
Samráðsfundur kennara í stærðfræði	Umsjón Kolbrún Sigþórsdóttir kennsluráðgjafi	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	2. nóvember kl. 13:30-15:30
Samráðsfundur sérkennara og annarra sem annast sérkennslu í leikskólum	Kolbrún Sigþórsdóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir kennsluráðgjafar	Leikholt	7. nóvember kl. 13:30-15:30
Nánast allt“ um notkun iPad í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla.	Halldóra Guðlaug Helgadóttir leikskólaráðgjafi í Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu	Kerhólsskóli	20. nóvember kl. 13:30-15:30
Sjálfsmynd grunnskólabarna	Anna Sigríður Jökulsdóttir sálfræðingur í Sálfræðisetrinu	Grunnskólinn í Hveragerði	28. nóvember kl. 13:30-15:30
Samráðsfundur kennara í heimilisfræði	Umsjón Kolbrún Sigþórsdóttir kennsluráðgjafi	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	11. desember kl. 13:30-15:30
Samráðsfundur erlend tungumál	Umsjón Kolbrún Sigþórsdóttir kennsluráðgjafi	Kerhólsskóli	23. janúar kl. 13:30-15:30
Málþroskaraskanir grunnskólabarna	Álfhildur Þorsteinsdóttir talmeinafræðingur	Grunnskólinn í Hveragerði	7. febrúar kl. 13:30-15:30

Samráðsfundur kennara í náttúrufræði	Umsjón Kolbrún Sigbórsdóttir kennsluráðgjafi	Flúðaskóli	8. febrúar kl. 13:30-15:30
Lubbi finnur málbein Kynning	Katrín Þorvaldsdóttir leikskólakennari Undralandi Flúðum	Leikholt	13. febrúar kl. 13:30-15:30
Samráðsfundur samfélagsfræðigreinar	Umsjón Kolbrún Sigbórsdóttir kennsluráðgjafi	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	7. mars kl. 13:30-15:30
Jafnréttisfræðsla fyrir leikskólakennara og starfsfólk leikskóla	Hanna Björg Vilhjálmsdóttir kynjafræðikennari í Borgarholtsskóla	Undraland Hveragerði	9. mars kl. 13:30-15:30
Háværir strákar og sætar stelpur	Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir verkefnastýra jafnréttisskóla Reykjavíkur	Grunnskólinn í Hveragerði	12. mars kl. 13:30-15:30
Núvitund með nemendum í leik - og grunnskóla	Bryndís Jóna Jónsdóttir Kennari í Núvitundarsetrinu, Hafnarfirði	Félagslundur	12. apríl kl. 13:30-15:30
Samráðsfundur kennara í textílfmennt	Umsjón Kolbrún Sigbórsdóttir kennsluráðgjafi	Flóaskóli	17. apríl kl. 13:30-15:30

Námskeið á skipulagsdögum og starfsmannafundum í leik- og grunnskólum.

Sérfræðingar skólaþjónustu voru með fjölmörg námskeið inni í skólum á skipulagsdögum og starfsmannafundum. Meðal annars námskeið um einkenni einhverfu, TEACCH/Skipulagða kennslu, Tákn með tali, Skólafærinámsskeið, Söng- og samverustundir í leikskóla, Aðlögun í leikskóla, Að starfa í leikskóla, fyrirlestur um kvíða og hegðunarmótun. Einnig voru sálfræðingar með fræðslu um trans fyrir nemendur grunnskóla.